

Ed.

524. Breytingartillögur

við frumv. til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. (þgskj. 502).

Frá Karli Finnbogasyni.

1. við 3. gr.

fyrir: »200—2000 kr.« komi:
10—2000 kr.

2. við 5. gr.

Fyrir: »notuð hafa verið« komi:
að eins hafa verið notuð.

Um það má vitanlega deila, hvort slíka brunaskaða muni að hendi bera, en með rjettu verður því ekki neitað, að mögulegileikar eru fyrir meiri brunaskaða en þeim, sem ábyrgð landssjóðs hrykki fyrir. Nægir í því efni að vísa til, að á Akureyri einni eru hús virt á hjer um bil $1\frac{1}{2}$ miljón króna. Og reynsla undanfarinna ára sýnir, að þar hafa orðið miklir brunar, og gætu þeir orðið margfalt stærri.

Því hefir að vísu verið haldið fram, að með bættum bruna-áhöldum, og betri skipun brunaliðsins minkaði brunahættan, og þetta er rjett; en þrátt fyrir tilraunir til endurbóta í þessu efni sýndi bruninn mikli í Reykjavík við hvað ramman reip er að draga, þar sem eldurinn er.

Að því er áhættu sveitarfjelaganna snertir, þá er hún samkv. lögunum $\frac{1}{6}$ hluti verðs, og getur hjer verið að ræða um all-verulega áhættu fyrir sveitarfjelög, þar sem þorp liggja í sveitarfjelinu eða sveitarfjlagið er kaup-tún, því á slíkum stöðum er oft um miklar húsaþyrpingar að ræða.

Virðist minni hlutanum athugavert, að leggja slíka áhættu á sveitar-fjelögin áður en þau eru spurð.

Mjer er ekki kunnugt um að ríki váttryggi nokkursstaðar gegn bruna-bættu. Að vísu er brunabótatryggingin í Baden þannig að húseigendur eru skyldir að váttryggja gegn eldhættu í gagnkvæmu brunabótafjlagi, sem að öllu leyti er undir eftirliti landstjórnarinnar, án þess að landið hafi tekið að sjer nokkra fjárhagslega ábyrgð eða fje hafi verið lagt úr ríkissjóði til fjelagsins. Og er fyrirkomulagið þannig að brunaskaðanum er jafnað niður árlega á þá, sem váttryggja í því. Ástæða virðist til að rannsaka fyrirkomulag þessarar trygg-ingar nánar og hvernig hún hefir reynst.

Enda verður yfirleitt ekki annað sjeð, en að viðfangsefni það, sem hjer liggur fyrir sje ofvaxið þingnefnd og því eðlilegast að fela stjórninni frekari undirbúning þessa máls, enda full ástæða til þess að hún útvegaði sjerfróða aðstoð til þess að ihuga þetta mál og skilyrði fyrir ýmsri annari ábyrgðar-starfsemi hjer í landinu.

Samkvæmt ofanrituðu getur minni hlutinn ekki lagt til að frumvarpið verði samþykt, en vill vísa þessu mikla velferðarmáli til stjórnarinnar til frek-ari undirbúnings undir næsta þing.

Alþingi, 25. ágúst 1915.

Sigurður Eggerz.

15. gr. 17.

Nd. 526. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

Við 15. gr. 17.

1. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna.
2. Fyrir: »12,000 — 12,000« komi:
10,000 — 10,000.

16. gr. 9. a.

Nd. 527. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson, frá Vogu.

Við 16. gr. 9. a.

Fyrir »brúttó« komi:
öllum.

13. gr. C. III.

Nd. 528. Breytingartillaga

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Við 13. gr. C. III.

Í stað »mótorbátsferða« alstaðar í lið þessum og breytingartillögum við hann komi:
vjelbátsferða.

2. gr. 9.

Nd. 529. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

Við 2. gr. 9.

Fyrir: »límonade« komi:
goddrykkir.

16. gr. 16.

Nd. 530. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Frá Matth. Ólafssyni.

Við 16. gr. 16.

Liðurinn orðist þannig:

Til Fiskifjelags Íslands 20,000 — 20,000

gegn því, að fjelagið haldi uppi kenslu á Ísafirði handa skipstjóraefnum á smáskipum.

13. gr. B. III. 5.

Nd. 531. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B. III. 5.

Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Brú á Bleikdalsá í Kjósarsýslu 3,900 síðara árið.

Ed.

532. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (á þingskjali 449).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir ekki getað orðið að öllu leyti samdóma.

Meiri hluti nefndarmanna lítur svo á málið:

Við teljum sjálfsagt að frumvarpið nái fram að ganga.

Við unum því að visu illa, að legkaup sje heimtað af Reykvíkingum, þeim einum, en engum öðrum. Við teljum legkaup yfirleitt mjög óviðfeldinn skatt á alþýðu manna. Hins vegar stendur sjerstaklega á hjer í höfuðstaðnum. Hjer verður að kaupa kirkjugarðsstæði dýru verði. Fyri þá sök getum við fallist á að legkaup sje heimtað. En við teljum rangt að hafa leiði framliðinna fyri gjaldstofn. Þess vegna viljum við með engu móti að legkaupið sje sett hærra en svo að rjett svári tilkostnaði við kirkjugarðinn. Við álitum að stjórnin hafi í frumvarpi sínu sett legkaupið fullhátt, 2 kr. fyri börn og 4 kr. fyri fullorðna. Við viljum vekja athygli stjórnarinnar á því, að fyrimæli reglugjörðarinnar um kirkjugarða 16. ágúst 1902, hafa verið fótum troðin hjer í Reykjavík, sbr. nefndarálit neðri deidar á þingskjali 162. Teljum vjer mjög áriðandi að bót verði ráðin á því ólagi. Við erum sammála neðri deildar nefndinni um það, að 25 ára umferðartími sje nægur hjer á landi, óhætt að grafa á ný í hvert 25 ára gamalt leiði. En hjer er orðinn síður að tildra stórum steini á annaðhvort leiði, að heita má. En legkaupið á ekki að gilda fyri lengri tíma en 25 ár. Vilji einhver tryggja sjer grafreit í 50 ár, teljum við rjett að hann greiði tvöfalt gjald, en sá ferfalt, sem vill tryggja grafreit alla tíð meðan kirkjugarðurinn stendur. Við viljum vekja athygli á því, að legstaður fullorðins manns nemur að jafnaði 4 flatarstikum (10 flatarálnum).

Nú ætlum við, að hjer megi enn komast að þeim kaupum á landi, að hver flataralin í þeim nýja kirkjugarði fullgerðum kosti ekki meira en 1 kr., og einn legstaður þá 10 kr. Virðist okkur 4 kr. fullhátt gjald fyri 25 ára afnot, og 16 kr. góða borgun fyri frambúðarafnot («erfðafestu»).

En hjer er eins að gæta. Í öðrum löndum er víðast síður, vitum við, að ætla 2 börnum innan 10 ára sama rúm í garði og einum fullorðnum, og haga legkaupi eftir því. Við teljum ranglátt, að heimta fult legkaup fyri ungbörn, árgömul og þaðan af eldri. Þar viljum við miða við 5 ára aldur.

Loks viljum við vekja athygli á því, að okkur virðist sjálfsagt, að sóknarnefnd ráði mestu um það, hvar land skuli tekið og hvenær. Kirkjugarðsmál eru jafnan tilfinningamál fyri allan almenning, og illa farið, ef tekinn væri upp kirkjugarður að söfnuðinum forspurðum og þá kannske honum um geð.

Um það atriði er nefndin öll sammála, og eins um hitt, að legkaup eigi að vera mismunandi eftir tímalengd.

Af framángreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt, en ber fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr., 1. málsg.:
Á eftir orðunum »í samráði við biskup« komi:
eftir tillögum sóknarnefndar.
2. Við 2. gr., 4. málsg.:
Fyrir »stjórinni« komi:
stjórinni.
3. Við 3. gr.:
Greinin orðist svo:
Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 2 kr. fyrir börn yngri en 5 ára, en 4 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður tryggja sjer grafreit til frambúðar, meðan kirkjugarðurinn stendur, og skal þá greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.
Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Efri deild Alþingis, 25. ág. 1915.

G. Björnson,
framsögum. meiri hlutans.

Hákon J. Kristófersson.

Ed.

533. Frumvarp

til laga um viðauka við 1. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Gjöld til kirkjufelaga utan þjóðkirkjunnar, er fengið hafa sjer löggiltan prest eða forstöðumann, má taka lögtaki, enda sje niðurjöfnun á gjöldunum eða gjaldskrá staðfest af stjórnarráðinu.

Ed.

534. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909 um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Aftan af 2. gr. falli burt orðin:

»enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju, eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim, 15 ára eða eldri«.